



Óður Þórðarson
samklipp / collage

listasafnreykjavikur.is

Hafnarhús

12. október 2013 – 28. september 2014

Erró
Heimurinn í dag
The World Today

Erró kemur enn á ný færandi hendi og gefur Listasafni Reykjavíkur fjölda verka sem hann hefur unnið síðastliðin ellefu ár. Erró heilt réttu nafni Guðmundur Guðmundsson (f.1932) og bjó mestöll sín æskuár hjá móður sinni og stjúpa á bónðabæ á Kirkjubæjarklaustri. Erró er tvímaelalaust einn þekktasti samtímalistamaður Íslendinga, hann hefur verið þátttakandi í fram-sæknu listalifi Þýsirarborgar allt frá árinu 1958 og er einn af forvigismönnum popplistarinna eða evrópska frásagnarmálverksins.

Verk Errós á sýningunni vitna um sköpunarkraft listamannsins sem býr til sína eigin myndrænu veröld með því að klippa og setja saman myndir viðsvegar að úr heimi fjölmíðlanna. Á sjóunda tug verka eru á sýningunni sem varpa ljósi á það hve efnið er fjölbreytt og aðferðirnar margvislegar sem Erró notar við listsköpunina. Um er að ræða samklippimyndir, vatnslitamyndir, smelti, og málverk.

Erró gerir tilraunir með efni og aðferðir. Á síðastliðnum árum hefur hann i auknum mæli fengist við stafrænt prent i ólikum stærðum þar sem hann kannar nyjar leiðir við að endurnýja málverkið. Þar leyfir hann sér að teikna inn á stafrænar prentmyndir og gengur stundum svo langt að hin stafræna mynd hverfur alfaríð á bak við nýja málverkið. Samhliða þessum tæknilegu tilraunum heldur Erró áfram að þróa eða endurskoða myndbyggingu verka sinna. Hann leikur sér af mikilli fagmennsku að því að byggja upp verk

þar sem hann ýmist raðar upp myndum eða myndbrotum í láréttar og löðréttar hleðslur. Hann setur ennfremur saman myndsenur sem hann klippir í löðréttu strimla eða teflir frjálslega saman sjálfstæðum myndbrotum í myndrýminu. Mörög verkanna eru byggð upp á vel afmörkuðum grunni, eins konar forgrunni, sem getur verið landslag, gata eða leiksvið sem hann síðan spinnur áfram upp myndflötinn.

Það sem einkennir þessi verk er ofgnótt mynda sem spila saman á myndfletinum og virðast vilja brjótast út úr rammanum. Myndefnið tengist oftar en ekki hugmyndum listamannsins um kraft og hvernig hann birtist sem ofbeldi, náttúruhamfarir, erótík eða strið. Myndir og myndbrot, sem Erró tekur m.a. að láni úr evrópskum og bandarískum teiknimyndaseríum, sýna grátbroslega atburði sem vitna um stöðu mála í heimi okkar daga. Teiknimyndapersónur eins og t.d. „Tank Girl“, „Andrés önd“ og „Jóakim Aðalönd“, sem á undanförum árum hafa verið í miklu uppháldi hjá listamanninum, birtast hér í mismunandi samhengi. Með því að sækja tilvisanir í fyri verk sin flækir Erró enn frekar frásögn verkanna, skapar nýjar sögur og myndrænar sögusagnir.

Sýningarstjóri: Danielle Kvaran

Erró has come, once again, to the Reykjavík Art Museum bearing gifts — in this case a large number of works which he has made over the past eleven years. Erró (b. 1932), whose given name is Guðmundur Guðmundsson, spent most of his early life at Kirkjubæjarklaustur in southeast Iceland, with his mother and step-father. Erró is one of the best-known of contemporary Icelandic artists; he has been active on the avant-garde Parisian artistic scene since 1958, as one of the pioneers of Pop Art or the European narrative painting.

Erró's works in this exhibition bear witness to the creative energy of the artist, who creates his own visual world by cutting and juxtaposing images from all around the media world. The exhibition comprises over sixty works, which illustrate the diversity of materials, methods and techniques used by Erró in his art — they include collages, watercolours, enamels, and paintings.


Erró keeps on experimenting with materials and methods. In recent years he has increasingly worked with digital prints of various sizes, as he explores alternate ways to renew painting. He permits himself to draw on the digital prints, and in some cases he goes so far that the digital image is completely obscured by the overlaid painting. In parallel with these technical experiments, Erró continues to develop or revise the composition of his works. With great skill he playfully com-

poses works by arranging fragments of images vertically or horizontally. He also composes scenes which are cut into vertical strips, or freely juxtaposes separate fragments of images in the picture space. Many of the works are composed on a well-defined ground — a kind of foreground, which may be a landscape, a street or a theatre stage that he extends upwards in the picture plane.

The characteristic feature of the works is a multiplicity of images interacting in the picture plane, which appear to be trying to burst out of the frame. The subjects often relate to the artist's ideas about energy, and how it is manifested in the form of violence, natural disasters, eroticism or war. Images and fragments of images borrowed by Erró, for instance from European and American comic strips, depict tragicomical events that bear witness to the state of the world today. Cartoon characters such as "Tank Girl", "Donald Duck" or "Uncle Scrooge McDuck", which have been great favourites of the artist, are represented here in a variety of contexts. By bringing in references to his older works, Erró makes the narrative of the works even more intricate, giving rise to new stories and visual myths.

Curator: Danielle Kvaran

English translation: Anna Yates



Sködrekastelpa / Tank Girl, 2011
samkipp / collage